



Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Skýrsla stjórnar starfsárið 2020

Aðalfundur 19. nóvember 2020

Golfárið 2020 var viðburðaríkt og gott fyrir Golfklúbb Mosfellsbæjar. Í upphafi árs var undirritaður þríhliða samningur milli GM, Mosfellsbæjar og Landsbankans. Þessi samningur hefur gjörbreytt okkar rekstrarumhverfi og nú getum við svo sannarlega horft björtum augum fram veginn. Hagnaður ársins nam rúmum 16 milljónum króna fyrir framlag Mosfellsbæjar. Þetta er viðsnúningur um 97 milljónir króna.

Aðkoma Mosfellsbæjar að rekstri GM hefur verið góð í gegnum tíðina. Þessi stuðningur er klúbbnum virkilega mikilvægur. Sú uppbygging sem hefur átt sér stað á Kletti mun gjörbreyta okkar starfi. Mosfellsbær hefur stutt vel við bakið á okkur í þessari uppbyggingu og þökkum við þeim kærlega fyrir. Með opnun neðri hæðarinnar í okkar glæsilegu íþróttamiðstöð mun allt starf klúbbsins breytast og eflast til munu.'




Covid er eitthvað sem allir eru væntanlega orðnir hundleiðir á að heyra, en hafði talsverð áhrif á golfið á þessu ári. Við fengum þó að opna golfvelli í vor og halda þeim opnum lengst af með sérstökum covid golfreglum. Getum við verið virkilega þakklát fyrir að hafa fengið að stunda okkur frábæru íþrótt nánast án takmarkana á meðan við höfum því miður þurft að horfa upp á aðrar íþróttagreinar með mun meiri takmörkunum.

Vallarsvæðin

Hlíðavöllur kom virkilega vel undan vetri og opnuðum við inn á sumarflatir þann 7. maí. Bakkakot var aðeins seinna til, en þar var opnað inn á sumarflatir 16. maí. Ástand okkar valla í sumar var virkilega gott og er það okkar upplifun að félagsmenn hafi verið sáttir með ástand valla. Það er að sjálfsögðu alltaf hægt að gera betur og munum við sem fyrr leggja mikinn metnað í að halda völlum í eins góðu ástandi og kostur er hverju sinni. Við fengum mikið af góðum athugasemdum í viðhorfskönnuninni sem við sendum út í byrjun nóvember um hvað mætti gera betur og munum við svona sannarlega taka tillit til þeirra.


Veðurfarið í sumar var bara nokkuð gott og á okkar völlum voru alls spilaðir 48.416 hringir. Það er mikla aukningu í leiknum hringjum á vallarsvæðum GM sem er mjög ánægjulegt.

Leiknir hringir milli ára á vallarsvæðum GM




Leiknir hringir á Hlíðavelli 2020

Samtals 29.058 hringir



Leiknir hringir í Bakkakoti 2020

Samtals 19.358 hringir



Íslandsmót 2020

Í sumar var Íslandsmótið í golfi haldið á Hlíðarvelli í fyrsta sinn í sögu klúbbsins. Það mót var líkt og svo margt annað í sumar með breyttu sniði vegna covid. Fengum við undanþágu til þess að halda mótið og er óhætt að segja að okkur hafi tekist virkilega vel til. Hér var spilað frábært golf og fór það svo að sett var mótsmet í karlaflokki. Bjarki Pétursson spilaði virkilega vel og var stórkostlegt að sjá hann sem og aðra kylfinga sýna sínar allra bestu hliðar á Hlíðavelli. Guðrún Brá Björgvinsdóttir sigraði í kvennaflokki eftir umspil og spiluðu hún og Ragnhildur Kristinsdóttir frábært golf. Það sem stendur þó upp úr hjá ansi mörgum eftir þetta mót er sú samstaða sem kylfingar sýndu þegar þeir svöruðu kalli okkar eftir sjálfboðaliðum til þess að aðstoða okkur við framkvæmd þessa móts. Hingað komu um 120 sjálfboðaliðar, rúmlega helmingur þeirra úr okkar röðum og það stóðu sig allir alveg stórkostlega svo að eftir var tekið. Færum við ykkur okkar allra bestu þakkir fyrir ykkar þátt í að gera þetta mót eins gott og raun bar vitni.



Rekstur klúbbsins

Rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og erum við að sjá mikinn viðsnúning í rekstrinum. Hagnaður árisins nam rúmum 16 milljónum króna fyrir framlag Mosfellsbæjar. Er þetta breyting í rétta átt upp á ca 97 milljónir króna. Er það okkar von að rekstur klúbbsins sé núna kominn í gott stand og full ástæða til þess að áætla að svo verði áfram og horfum við því björtum augum fram veginn.

Starf stjórnar.

Á aðalfundi í desember 2019 var þáverandi stjórn endurkjörin en hana skipa:

Kári Tryggvason – Formaður

Ragnheiður Ríkharðsdóttir – Varaformaður

Auður Ósk Þórisdóttir – Gjaldkeri

Írunn Ketilsdóttir – Ritari

Steinþór Pálsson – Meðstjórnandi

Siggeir Pálsson – Meðstjórnandi

Guðjón Karl Þórisson – Meðstjórnandi.

Haldnir voru 13 formlegir og bókfærðir stjórnarfundir á árinu og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala milli stjórnarfólks.

Stóra verkefni þessa árs var að klára samninginn sem komið var inn á áðan auk þess að fullklára kjallarann í Klett þannig að nú höfum við í GM á frábærri inniaðstöðu að skipa.

Nú er okkar glæsilega íþróttamiðstöð fullkláruð og mun hún án efa gjörbreyta öllu okkar starfi.

Framundan hjá stjórn klúbbsins er að fara í stefnumótum og er það okkar ætlun að marka góða og öfluga stefnu til framtíðar sem mun styrkja og efla það góða starf sem er nú þegar unnið. Verður sú vinna kynnt okkar félagsmönnum fljótlega.

Framkvæmdir á árinu 2020

Síðastliðið ár var nokkuð stórt hjá okkur og mikið gert. Helst ber að nefna að neðri hæðin í Kletti var kláruð og þar er nú komin góð aðstaða til æfinga sem og tveir fullkomnir Trackman golfhermar. Verður það mikill munur fyrir okkar félaga að geta æft allt árið.

Á golfvöllinum var ráðist í stórt verkefni í vor með uppsetningu á sjálfvirku vökvunarkerfi á flatir og teiga á holum 10 – 18. Það mun án efa bæta gæði vallarins til mikilla muna og einfalda vinnu vallarstarfsmanna umtalsvert.

Seinni part ágústmánaðar hófst vinna við að byggja upp nýja flöt sem mun til að byrja með koma í staðinn fyrir gömlu fjórðu flötina. Flötin er hönnuð með tillit til þess að hægt verði að spila inn á hana samkvæmt framtíðarskipulagi golfvallarins.




Félagafjöldi.


Félagsmönnum í GM fjölgaði þó nokkuð á árinu og taldi í sumari 1.468 meðlimi. Þar af eru um 300 krakkar 18 ára og yngri og er það talsverð fjölgun milli ára.

Hausttilboðið skilaði okkur 240 kylfingum til viðbótar og er því heildarfjöldi GM félaga orðin 1.708 þegar að þessi orð eru sögð. Er það mikið fagnaðarefni og styrkir rekstur GM til muna.


Það er okkur mikilvægt að passa upp á að það sé ávallt gott framboð af rástímum og því er orðið ansi stutt í að klúbburinn okkar verði fullur haldi þessi þróun áfram. Það er stefna stjórnar að ekki verði fleiri en 1.400 fullgreiðandi meðlimir í GM. Í dag stendur þessi fjöldi í 1.280 og því ljóst að ekki er pláss fyrir mikið fleiri félaga í viðbót og er það okkar von að við náum að fylla upp í þessa tölu á næsta ári.



Félagsmenn GM eftir kyni og forgjafarhóp



Félagsmenn GM eftir kyni og aldurshóp



Starfsmannamál.

Starfsmenn GM á árinu voru 23 þegar mest lét nú í sumar. Hjá klúbbum eru 7 starfsmenn í heilsársstarfi í samtals 6 stöðugildum.

Mosfellbær hefur stutt vel við bakið á okkur í sumar líkt og undanfarin ár. Um 20 starfsmenn úr unglingavinnunni voru hjá okkur. Þökkum við Mosfellbæ kærlega fyrir þennan stuðning.

Veitingasala.

Í byrjun þessa rekstrarárs þá hætti GM rekstri á Blik Bistro og við tóku feðgarnir Karl Ómar Jónsson og Jón Óskar Karlsson. Það var almenn ánægja með Blik í sumar og gekk sumarið vel enda mikið spilað af golfi. Þetta ár hefur engu að síður markast talsvert af Covid sem hefur haft mikil áhrif á rekstur veitingarstaðarins. Talsverður tekjumissir var af veislum, golfhópum, fjöldatakmörkunum sem og að loka þurfti kl. 23:00 í allt sumar. Við horfum þó björt fram veginn og vonum svo sannarlega að þessi veira fari að hverfa og að hlutirnar detti aftur í eðlilegt horf. Þökkum við þeim feðgum sem og öðru starfsfólki Blik Bistro kærlega fyrir samstarfið á þessu ári og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Mótahald.

Mótanefnd Golfklúbbs Mosfellsbæjar hefur verið skipuð sömu mönnum síðustu þrjú ár. Þeir eru Snorri Hlíðberg Kjartansson, Helgi Pálsson, Gísli Karel Eggertsson og Viðar Sveinbjörnsson. Hópurinn er samheldinn og það er aldrei vandamál að manna ræingu og eftirlit á mótum. Margt fleira var brallað síðasta árið en að vinna við mót. Þar má nefna að teigmerkingar voru málaðar, nýir bekkir smíðaðir og allir bekkir málaðir. Þá útvegaði nefndin ný ryðfrí nándarmælingabox.

Þrjú mót stóðu upp úr á þessu ári. Ísam Heimslistamótið, Meistaramót GM og Íslandsmótið í golfi sem haldið var á Hlíðavelli. Þessi mót voru öll haldin við óvenjulegar aðstæður vegna kórónuveirufaraldursins. Mótin gengu öll vonum framar og erum við í mótanefndinni virkilega ánægðir með hvernig til tókst. Það var stór áskorun að fá keppendur til að skrá skorið rafrænt. Ísam heimslistamótið var prófsteinninn á þetta og er óhætt að segja að keppendur þar hafi tekið misvel í að fara eftir fyrirmælum um skráningu. Eftir fyrsta mótið var þetta allt miklu auðveldara og enginn hreyfði mótbárum á Íslandsmótinu. Keppendur hafa talað um að þessi skráning sé auðveldari en á pappír, þó svo pappírsskráning sé einnig viðhöfð til öryggis, og að keppnin sé líflegri og meira spennandi fyrir þá sem fylgjast með.



Golfklúbbur Mosfellsbæjar hélt nú Íslandsmót í fyrsta sinn. Það var virkilega lærdómsríkt og skemmtilegt fyrir mótanefndina að standa að þessu móti ásamt klúbbum og GSÍ. Auk þess voru aðstæður sérstakar vegna faraldursins. Það þurfti því að útfæra alla þætti mótsins með tilliti til samkomutakmarkana og sóttvarnaráðstafana Almannaþingarinnar. Fjöldi sjálfbóðaliða þurfti til að unnt væri að fylgja sóttvarnareglum og komu þeir úr klúbbum af öllu landinu. Mótanefnd GM færir þeim bestu þakkir fyrir. Mótanefndin skipti með sér verkum á

landsmótinu. Snorri og Helgi ræstu keppendur, Viðar tók á móti keppendum eftir hring og staðfesti skor og Gísli hélt utan um sjálfboðaliðana sem gengu með hverju holli.

Við viljum þakka dómurunum okkar þeim Sigurði Geirssyni og Davíð Baldri Sigurðssyni fyrir þeirra aðstoð í mótum sumarsins þar sem þeir sinntu allri dómgæslu af stakri þrýði.

Mótanefndin þakkar öllum sem tóku þátt í mótum fyrir drengilega keppni og framkomu og hlakkar til að fá að aðstoða GM á mótum næsta árs og vera til staðar við hvaðeina sem þarf að gera.

Fyrir hönd mótanefndar,
Gísli Karel Eggertsson

Skýrsla vallanefndar

Sumarið í ár hefur verið mjög gott til að rækta og viðhalda golfvöllum klúbbsins. Það fór virkilega vel af stað með góðum vinnudögum þar sem rúmlega 100 manns mættu og létu hendur standa fram úr ermum.



Gott hitastig og hæfilegur raki hefur hjálpað mikið við grósku vallana. Íslandsmótið í golfi setti sitt mark á starsssemi nefndarinnar og vallarstarfsmanna. Mikil vinna fór í að móta Hlíðarvöll og gera umhverfi hans og völinn sjálfan sem bestan fyrir mótið og m.v. viðbrögð keppenda og hvernig hann kom út í sjónvarpi tókst það mjög vel. Við teljum okkur vera á réttri leið með Hlíðarvöll og munum halda áfram á þeirri vegferð sem við erum á núna.

Hvað varðar Bakkakot vorum við virkilega ánægð með ástand vallarins í sumar og þá sérstaklega þegar líða fór á sumarið. Vel tókst að græða upp 2. og 8. flöt sem virðast því miður alltaf fara illa á veturna.

Nú þar sem Íslandsmótsárinu er lokið höfum við í nefndinni einsett okkur að búa til áætlun fyrir Bakkakot þar sem það er mikill vilji til þess að fara í endurbætur og lagfæringar þar. Bakkakot er virkilega skemmtilegur og góður golfvöllur og er það okkar vilji að þær lagfæringur og endurbætur sem þar fara fram verði til þess fallnar að gera góðan völl enn betri.

Helstu verkefni sumarsins 2020 voru:

- Vökvunarkerfið var klárað á seinni 9 holunum. Frábær þátttaka félagsmanna í vinnudögum því tengdu tryggðu að náðist að klára verkefnið.
- Útbúnir voru þrír nýjir hvítir teigar á holum 6, 9 og 16. Við það gátum við fært gulu teigana aftar og fengið nýtt vallarmat með meiri lengd á vellinum.
- Hellulagt og settar niður mottur á æfingasvæðið.
- Ný glompa á æfingasvæðinu kláruð ásamt pútt- og vipp flötum
- Gerfigras sett undir sandinn á fimm glompum á Hlíðavelli til að koma í veg fyrir að frost lyfti steinum úr botninum upp í sandinn.
- Ný flöt byggð á 4. holu Hlíðavallar í samvinnu við Mosfellsbæ. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þarf að gera til að draga úr líkum á því að golfarar slái golfboltum í nýju húsin við 4. brautina nú eða fólk á nýjum göngustíg þar.
- Ýmis atriði sem snyrtu umhverfi okkar eins og þökulagning í kringum 18. flöt, mól sett á stíginn fyrir aftan 11. flöt, gengið frá sárinu þar sem glompan var á 12. braut ásamt fleiri minni verkefnum.

Fyrir utan þessi verkefni sem talin eru upp hér fyrir ofan og mörg önnur minni verk sem hafa verið framkvæmd og hjálpa til við að koma völlum okkar á hærra stig hafa starfsmenn unnið hörðum höndum við að slá og viðhalda völlum og tækjum í allt sumar.

Vallarnefnd þakkar öðrum félagsmönnum og starfsmönnum klúbbsins fyrir ánægjulegt samstarf og hlakkar til að takast á við ný verkefni á nýju ári.

F.h vallanefndar

Einar Már Hjartarson

Skýrsla íþróttastarfs GM



Sumarið 2020 var gott ár í íþróttastarfi GM. Mikill fjöldi barna og unglinga stundaði skipulagðar æfingar hjá klúbbnum og einnig var ásókn í sumarnámskeið barna mjög góð.

Grétar Eiríksson var umsjónarmaður golfnámskeiða og þjálfari barna hjá 12 ára og yngri. Grétar sá einnig um æfingar fyrir eldri kylfinga GM. Dagur Ebenezerðsson sá um aldurshópinn 13-18 ára og Davíð Gunnlaugsson þjálfaði meistaraflokka og afrekskylfinga. Dagur kom einnig að þjálfun afrekskylfinga sem og Grétar sá um líkamlegar æfingar.

Góður árangur náðist í mótum sumarsins hjá okkar bestu kylfingum. María Eir Guðjónsdóttir og Kristófer Karl Karlsson urðu bæði tvöfaldir íslandsmeistara, í högggleik og holukeppni. María í flokki 15-16 ára stúlkna og Kristófer Karl í flokki 19-21 árs drengja. Í haust kepptu þau síðan bæði fyrir landslið Íslands í Evrópumóti landsliða. Kristófer lék fyrir karllandslið Íslands en María Eir fyrir landslið stúlkna 18 ára og yngri.

María og Kristófer urðu einnig stigameistarar í sínum aldursflokkum en Kristín Sól Guðmundsdóttir varð einnig stigameistari í flokki 17-18 ára stúlkna.

Hérna að neðan má finna yfirlit yfir úrslit í mótum og helsta keppnisárangur ársins.

Meistaramót barna og unglinga



Meistaramót barna fór fram dagana 29. júní – 1. júlí við góðar aðstæður á Hlíðavelli. Úrslit í flokkum urðu eftirfarandi. Úrslit urðu eftirfarandi:

Stúlkur 10 ára og yngri

1. sæti – Sigrún Erla Baldursdóttir

Drengir 10 ára og yngri

1. sæti – Ásgeir Páll Baldursson

2. sæti – Steinar Kári Jónsson

3. sæti – Tómas Ingi Bjarnason

Drengir 11-12 ára

1. sæti – Áspór Sigur Ragnarsson

2. sæti – Grétar Logi Gunnarsson Bender

Stúlkur 11-12 ára

1. sæti – Elísa Rún Róbertsdóttir

2. sæti – Birna Steina Bjarnþórsdóttir

3. sæti – Elísabet Jónsdóttir

Drengir 13-14 ára

1. sæti – Leó Róbertsson

2. sæti – Hrafnkell Logi Reynisson

3. sæti – Arnar Dagur Jónsson



Stúlkur 13-14 ára

1. sæti – Eva Kristinsdóttir
2. sæti – Heiða Rakel Rafnsdóttir
3. sæti – Dagbjört Erla Baldursdóttir

Stúlkur 15-16 ára

1. sæti – Sara Kristinsdóttir
2. sæti – Berglind Erla Baldursdóttir
3. sæti – Eydís Arna Róbertsdóttir



Meistaramót GM



Fjölmennasta Meistaramót til þessa fór fram dagana 29. júní – 4. júlí en hátt í 250 keppendur tóku þátt. Aðstæður í mótinu voru með besta móti og sáust glæsileg tilprif í öllum flokkum. Klúbbmeistarar GM árið 2020 voru þau Kristófer Karl Karlsson og Nína Björk Geirsdóttir.

Keppni í karlaflokki var afskaplega hörð og spennandi. Að lokum enduðu Kristófer Karl og Sverrir Haraldsson jafnir og spila þurfti umspil um titilinn. Leiknar voru brautir 10, 11 og 18. Á 18. holu var Kristófer með tæplega 2 m þútt fyrir sigrinum sem hann setti í og tryggði sér um leið sinn fyrsta klúbbmeistaratitil.

Nína Björk lék vel í mótinu og vann öruggan sigur. Sigurinn í ár var 16. klúbbmeistaratitill Nínu Bjarkar í meistaraflokki.

Hérna fyrir neðan má sjá úrslit í öllum flokkum:

Meistaraflokkur karla

1. sæti – Kristófer K. Karlsson
2. sæti – Sverrir Haraldsson
3. sæti – Björn Ó. Guðjónsson
3. sæti – Ingi Þór Ólafson
3. sæti – Kristján Þ. Einarsson
3. sæti – Aron Skúli Ingason

Meistaraflokkur kvenna

1. sæti – Nína Björk Geirsdóttir
2. sæti – Arna Rún Kristjánsdóttir
3. sæti – Katrín Sól Davíðsdóttir
3. sæti – Katrín Dögg Hilmarsdóttir

1. flokkur karla

1. sæti – Tristan Snær Viðarsson
2. sæti – Guðjón Ármann Guðjónsson
3. sæti – Rafn Jóhannesson

1. flokkur kvenna

1. sæti – Hekla Ingunn Daðadóttir
2. sæti – Rut Marsibil Héðinsdóttir
3. sæti – Sara Jónsdóttir

2. flokkur karla

1. sæti – Guðleifur Kristinn Stefánsson
2. sæti – Daníel Ingi Guðmundsson
3. sæti – Snæbjörn Þórir Eyjólfsson

2. flokkur kvenna

1. sæti – Andrea Jónsdóttir
2. – 3. sæti – Harpa Sigurbjörnsdóttir
2. – 3. sæti – Rannveig Rúnarsdóttir

3. flokkur karla

1. sæti – Páll Ásmundsson
2. sæti – Gunnlaugur Kr. Hreiðarsson
3. sæti – Guðmundur Jón Tómasson

3. flokkur kvenna

1. sæti – Hafdís Hrönn Björnsdóttir
2. sæti – Sigrún Ýr Árnadóttir
3. sæti – Vilborg Hrönn Jónudóttir

4. flokkur karla

1. sæti – Rúnar Þór Blöndal
2. sæti – Pétur Kristinn Guðmarsson
3. sæti – Hrafnkell Óskarsson



5. flokkur karla

1. sæti – Guðjón Emilsson
2. sæti – Skúli Sigurðsson
3. sæti – Friðrik Már Gunnarsson

Öldungaflokkur karla 50+

1. sæti – Gunnar Már Gíslason
2. sæti – Hilmar Harðarson
3. sæti – Halldór Friðgeir Ólafsson

Öldungaflokkur kvenna 50+

1. sæti – Karólína Margrét Jónsdóttir



2. sæti – Sigríður María Torfadóttir
3. sæti – Stefanía Eiríksdóttir

Öldungaflokkur karla 70+

1. sæti – Bragi Jónsson
2. sæti – Gunnar Þorsteinsson
3. sæti – Svanberg Guðmundsson

Meistarmót GM er einstakt. Stemmingin er margrómuð og öfundsverð hjá kylfingum í öðrum golfklúbbum. Í ár tóku margir kylfingar sig til og voru klæddir í gamaldags

golffatnað á lokadegi. Hérna að neðan má sjá smá myndasýrpu frá skemmtilega klæddum kylfingum á lokadegi. Okkur er strax farið að hlakka til Meistaramóts GM 2021.



Áskorendamótaröð GSÍ



Áskorendamótaröðin er mótaröð fyrir þau börn og unglinga sem eru stíga sín fyrstu skref í keppni. Í ár áttum við hjá GM 22 kylfinga sem léku á mótaröðinni og er það fjölgun frá árinu 2019. Hérna fyrir neðan eru skemmtilegar myndir frá GM kylfingum í sumar á Áskorendamótaröðinni.



Unglingamótaröð GSÍ



GM.

Frábær árangur náðist hjá okkar kylfingum á Unglingamótaröð GSÍ. Keppnisþátttaka GM kylfinga var mjög góð en alls léku 27 kylfingar frá GM á Unglingamótaröðinni, 15 strákar og 12 stelpur. Í flestum mótum náðu kylfingar frá GM verðlaunasætum en hérna fyrir neðan er yfirlit yfir verðlaunahafa frá



Unglingamótaröðin (1) – GM

Stúlkur 15-16 ára

2. sæti – María Eir Guðjónsdóttir

3. sæti – Katrín Sól Davíðsdóttir


Stúlkur 17-18 ára

1. sæti – Kristín Sól

Guðmundsdóttir

Drengir 17-18 ára

3. sæti – Arnór Daði Rafnsson



Drengir 19-21 árs

1. sæti – Kristófer Karl Karlsson

2. sæti Ingi Þór Ólafson



Unglingamótaröðin (2) – GKG

Stúlkur 15-16 ára

2. sæti – Katrín Sól Davíðsdóttir

3. sæti – María Eir Guðjónsdóttir

Stúlkur 17-18 ára

2. sæti – Kristín Sól Guðmundsdóttir

Drengir 19-21 árs

2. sæti – Andri Már Guðmundsson

3. sæti – Ingi Þór Ólafson

Unglingamótaröðin (3) - GR

Stúlkur 15-16 ára

1. sæti – María Eir Guðjónsdóttir

3. sæti – Katrín Sól Davíðsdóttir

Stúlkur 17-18 ára

1. sæti – Kristín Sól Guðmundsdóttir

Íslandsmót unglunga í holukeppni

Stúlkur 14 ára og yngri

4. sæti – Eva Kristinsdóttir

Stúlkur 15-16 ára

1. sæti – María Eir Guðjónsdóttir

2. sæti – Katrín Sól Davíðsdóttir



Drengir 19-21 árs

1. sæti – Kristófer Karl Karlsson

4. sæti – Ingi Þór Ólafson

Íslandsmót unglunga í höggleið

15-16 ára stúlkur

1. sæti – María Eir Guðjónsdóttir

3. sæti – Katrín Sól Davíðsdóttir

19-21 árs drengir

1. sæti – Kristófer Karl Karlsson

2. sæti – Andri Már Guðmundsson

3. sæti – Ingi Þór Ólafson



Mótaröð GSÍ

Alls léku 26 kylfingar frá GM á Mótaröð GSÍ sumarið 2020, 7 konur og 19 karlar. Aldrei hefur GM átt eins margar konur á mótaröðinni og er útlit fyrir enn frekari fjölgun þeirra á næstu árum. Það er mikið gleðiefni en afar margar ungar og efnilegar stúlkur eru í starfinu eins og er.



Hérna fyrir neðan er yfirlit yfir árangur GM kylfinga á mótum ársins.

Heimslistamótaröðin (1) - Hlíðavöllur

Karlaflokkur

3. sæti – Björn Óskar Guðjónsson

3. sæti – Kristófer Karl Karlsson

10. sæti – Sverrir Haraldsson

Kvennaflokkur

7. sæti – Arna Rún Kristjánsdóttir

GSÍ mótaröðin (1) – Garðavöllur

Karlaflokkur

11. sæti – Ragnar Már Ríkarðsson

12. sæti – Björn Óskar Guðjónsson

20. sæti – Andri Már Guðmundsson

Kvennaflokkur

13. sæti – Arna Rún Kristjánsdóttir

18. sæti – Katrín Sól Davíðsdóttir

19. sæti – María Eir Guðjónsdóttir



GSÍ mótaröðin (2) – Hólmsvöllur

Karlaflokkur

5. sæti – Ingi Þór Ólafson

13. sæti – Kristófer Karl Karlsson

17. sæti – Andri Már Guðmundsson

20. sæti – Sverrir Haraldsson

Kvennaflokkur

16. sæti – Arna Rún Kristjánsdóttir

GSÍ mótaröðin (4) – Hvaleyrarbikarinn

Karlaflokkur

6. sæti – Björn Óskar Guðjónsson

6. sæti – Kristján Þór Einarsson

6. sæti – Sverrir Haraldsson

20. sæti – Kristófer Karl Karlsson

Kvennaflokkur

12. sæti – Arna Rún Kristjánsdóttir

Íslandsmót í golfi

Karlaflokkur

11. sæti – Kristófer Karl Karlsson

14. sæti – Ragnar Már Ríkarðsson

16. sæti – Björn Óskar Guðjónsson

19. sæti – Kristján Þór Einarsson

Kvennaflokkur

5. sæti – Arna Rún Kristjánsdóttir

7. sæti – Nína Björk Geirsdóttir

16. sæti – María Eir Guðjónsdóttir

Flokkur 35 ára og eldri kvk

1. sæti – Nína Björk Geirsdóttir

Heimslistamótaröðin (2) –

Garðavöllur

Karlaflokkur

3. sæti – Ingi Þór Ólafson

4. sæti – Ragnar Már Ríkarðsson

9. sæti – Andri Már Guðmundsson

Kvennaflokkur

2. sæti – Arna Rún Kristjánsdóttir

4. sæti – Berglind Erla Baldursdóttir

5. sæti – Sara Kristinsdóttir



Íslandsmót golfklúbba – Meistaraflokkar



Bæði karla og kvennalið GM léku í 1. deild í Íslandsmóti golfklúbba. Mótið fór fram hjá GKG og GO eins og árið 2019. Lið GM voru þannig skipuð:



Kvennalið GM

Arna Rún Kristjánsdóttir
Berglind Erla Baldursdóttir
Katrín Dögg Hilmarisdóttir
Katrín Sól Davíðsdóttir
Kristín Sól Guðmundsdóttir
María Eir Guðjónsdóttir
Nína Björk Geirsdóttir
Sara Jónsdóttir

Liðsstjóri: G. Kristinn Stefánsson
Þjálfari: Dagur Ebenezersson

Karlalið GM


Andri Már Guðmundsson
Aron Skúli Ingason
Björn Óskar Guðjónsson
Ingi Þór Ólafson
Kristján Þór Einarsson
Kristófer Karl Karlsson
Ragnar Már Ríkarðsson
Sverrir Haraldsson

Liðsstjóri: Eyjólfur Kolbeins
Þjálfari: Davíð Gunnlaugsson

Bæði lið léku í undanúrslitum en eftir afar spennandi leiki þá þurftu bæði lið að játa sig sigruð og léku því um 3. sætið.

Kvennalið GM lék gegn GKG og karlarnir gegn GR. Karlaliðið laut í lægra haldi gegn sterkum GR-ingum en stúlkurnar spiluðu mjög jafnan og spennandi leik gegn GKG.

Arna Rún og Nína Björk höfðu unnið sína leiki og var staðan 2-2 þegar lokaleikurinn fór í bráðabana. Að endingu tryggði María Eir GM 3. sætið með glæsilegu pari á 21. holu Urriðavallar. Frábær árangur hjá kvennasveit GM.



Íslandsmót golfklúbba – Unglingar

12 ára og yngri



Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri fór fram í Bakkakoti, Mýrinni hjá GKG og Sveinskotsvelli hjá Keili. GM sendi þrjú lið til þátttöku í mótinu og stóðu þau sig öll afar vel. Uppleggið er að keppendur upplifi mótið á jákvæðan og skemmtilegan hátt og njóti sín í vinalægri keppni.



Lið GM voru skipuð eftirtöldum kylfingum:

GM Hlíðavöllur – drengir

Ásgeir Páll Baldursson
Áspór Sigur Ragnarsson
Grétar Logi Gunnarsson Bender
Kristján Karl Guðjónsson
Stefán Bjarki Óttarsson
Ólafur Harald Grétarsson

GM Hlíðavöllur – stúlkur

Birna Steina Bjarnþórsdóttir
Elísa Rún Róbertsdóttir
Elísabet Jónsdóttir
Kristín Erla Pétursdóttir
Sigrún Erla Baldursdóttir
Stefanía Bára Emilsdóttir

GM Bakkakot – drengir

Alex Jamil Atlason
Agnar Már Karlsson
Sigurjón Gunnar Guðmundsson
Tómas Ingi Bjarnason
Steinar Kári Jónsson
Hilmar Örn Árnason



15 ára og yngri



Íslandsmót golfklúbba 15 ára og yngri fór fram á Garðavelli. Við sendum tvö stúlknalið til leiks, alls 12 stúlkur. Mótið var frábær reynsla og var mikil og góð stemming í báðum liðum.

Liðin voru skipuð eftirtöldum kylfingum:

GM – A

Ásdís Eva Bjarnadóttir
Berglind Erla Baldursdóttir
Dagbjört Erla Baldursdóttir
Eydís Arna Róbertsdóttir
Heiða Rakel Rafnsdóttir
Sara Kristinsdóttir

GM – B

Ásdís Rún Hrafnhildardóttir
Dóra Þórarinsdóttir
Eva Kristinsdóttir
Ísabella Björt Þórsdóttir
María Rut Gunnlaugsdóttir
Rakel Ósk Kjartansdóttir

GM-A sveit lék til úrslita í mótinu gegn sterkri sveit GR. Eftir mikla baráttu og góða spilamennsku höfnuðu stúlkurnar í 2. sæti. Frábær árangur! GM-B lék einnig vel og lauk leik í 7. sæti í mótinu. Björt framtíð hjá þessum stúlkum!

18 ára og yngri

Íslandsmót golfklúbba 18 ára og yngri fór fram á Strandarvelli á Hellu. GM sendi eitt stúlknalið og eitt drengjalið til keppni.

Bæði lið stóðu sig með stakri þrýði en stúlkurnar náðu að lokum 3. sæti eftir glæsilega spilamennsku. Lið GM voru skipuð eftirfarandi kylfingum.

Drengjalið GM

Alexander Aron Tómasson
Arnór Daði Rafnsson
Helgi Freyr Davíðsson
Oliver Thor Hreiðarsson
Tristan Snær Viðarsson

Stúlknalið GM

Jana Ebenezersdóttir
Katrín Sól Davíðsdóttir
Kristín Sól Guðmundsdóttir
María Eir Guðjónsdóttir



Íslandsmót golfklúbba – Eldri kylfingar

GM sendi keppnissveitir í Íslandsmót golfklúbba í flokki eldri kylfinga eins og undanfarin ár. Kvinnalið GM lék í 1. deild sem fram fór í Vestmannaeyjum. Karlalið GM lék í 2. deild í Sandgerði.

Karlasveit GM hafnaði í 4. sæti en kvennasveit gerði vel í að halda sæti sínu í efstu deild og hafnaði að lokum í 7. sæti.

Sveitir GM voru skipuð eftirtöldum kylfingum:

Kvinnalið GM

Rut Marsibil
Héðinsdóttir
Edda Herbertsdóttir
Petrún Björn
Jónsdóttir
Agnes Ingadóttir
Dagný Þórólfsdóttir
Camilla Tvingmark
Rannveig
Rúnarsdóttir
Sigríður María
Torfadóttir
Írunn Ketilsdóttir

Liðsstjóri: Írunn
Ketilsdóttir



Karlalið GM

Halldór Magni
Þórðarson
Hákon Gunnarsson
Gunnar Már Gíslason
Victor Viktorsson
Jónas Heiðar
Baldursson
Eypór Ágúst
Kristjánsson
Kári Tryggvason
Halldór Ólafsson
Ingvar Haraldur
Ágústsson

Liðsstjóri: Ásbjörn Björgvinsson



Íslandsmót eldri kylfinga

Íslandsmót eldri kylfinga fór fram í Borgarnesi dagana 16. – 18. ágúst. GM átti 7 keppendur í mótinu. Bestum árangri náði Rut Marsibil en hún hafnaði í 2. sæti í flokki 65 ára og eldri kvenna. Hérna að neðan má sjá árangur GM kylfinga í mótinu:

Konur 50 ára og eldri

- 19. sæti – Edda Herbertsdóttir
- 20. sæti – Petrún Björg Jónsdóttir
- 25. sæti – Írunn Ketilsdóttir

Karlar 50 ára og eldri

- 21. sæti – Eyþór Ágúst Kristjánsson
- 24. sæti – Halldór Friðgeir Ólafsson
- 55. sæti – Tómas Sigurðsson

Konur 65 ára og eldri

- 2. sæti – Rut Marsibil Héðinsdóttir



Skýrsla kvennanefndar

Haustið 2019 var ný kvennanefnd skipuð. Í henni eru Ósk, Hekla, Jóna og Auður. Bakgrunnur þessa kvenna er mismikill í golfíþróttinni sem þótti gott þar sem mögulega væri hægt að ná til breiðari hóps innan GM. Fundað var nokkrum sinnum á tímabilinu. Starfsemi nýrrar nefndar hófst formlega 1.desember 2019 með ferð í golfherma í Holtagörðum og mættu u.þ.b. 20 konur.



Þann 24.12.2019 hófst púttið okkar í skemmunni og var það fullkomin byrjun á jólahátíðinni. Öll þriðjudagskvöld eftir það mættu 10-20 konur hvert þriðjudagskvöld þar til 17.3 vegna samkomubanns.



Skipulögð starfsemi byrjaði aftur 26. maí og með Texas Scramble kvennamóti í Bakkakoti. Sögulega skemmtilegu grínmóti lauk með súpuveislu og verðlaunaafhendingu sem var ekki af verri endanum.

Þann 2. júní byrjaði þriðjudagsgolf GM kvenna og var ýmist farið í Bakkakot eða á Hlíðavöll. Kvennanefnd átti rástíma á þeim velli sem spilað var á og voru frátekin nokkur holl fyrir okkur. Mæting var góð í byrjun en það dró örlítið úr þátttöku í júlí, mögulega vegna sumarfrís golfkvenna. Yfir sumarið voru svokölluð fuglatré höfð í báðum golfskálunum. Þær þrjár konur sem fengu flesta fugla á völlum okkar voru krýndar í september sem fugladrottning, fuglaprinsessa eða fuglagreifynja.



Vinkvennamót GM og GKG kvenna var haldið í blíðskaparveðri á Hlíðavelli snemma í júní. Mótið gekk vonum framar og mættu rúmlega 70 konur til leiks. Seinna þann sama mánuð heimsóttu GM konur Leirdalinn og spiluðu á velli GKG kvenna.

Hjóna og paramót GM kvenna var haldið 26. maí. Ræst var út á öllum teigum kl. 17:30 og gekk mótið mjög vel. Mæting hefur oft verið betri en skýrist líklega af því að mótið var haldið á föstudegi en ekki á þriðjudegi eins og undanfarin ár. Nefndin mun endurskoða það skipulag.

Óvissuferð GM kvenna átti upphaflega að fara fram 11. ágúst en vegna óánægju GM kvenna um þá dagsetningu var ákveðið að gera skoðanakönnun á Facebooksíðu hópsins og finna dagsetningu sem myndi henta best. Niðurstaða könnunar leiddi í ljós að meirihluti GM kvenna vildi halda sig við aðra helgina í september eins og hefur tíðkast undanfarin ár. Í framhaldi af því var fundinn hentugur staður og varð Hella fyrir valinu. Vegna covid var ákveðið að aflýsa ferðinni.

Í staðinn var golfmóti bætt við þann 12. september. Dagurinn heppnaðist mjög vel sem endað með kvöldverði á Blik.

Þar með lauk formlegri dagskrá golfkvenna í GM. Áfram sitja Ósk og Auður í nefndinni en Kristín Inga kemur ný inn. Reiknað er með að tvær konur komi inn til viðbótar í nefndina. Um leið og færi gefst mun nýtt tímabil hefjast með kvenna þúttkvöldum í nýrri aðstöðu. Við erum tilbúnar að skoða nýjan tíma á þúttkvöldunum þegar þau mega hefjast aftur. Til dæmis að hafa þau frá 16.30-18 eða svo.

Niðurstaða

Fyrstu fundir nefndarinnar voru mjög finir og við bjuggum til finasta skipulag. Þegar svo covid skellur á breyttust eðlilega mörg plön sem voru á skipulaginu. Þetta olli ósætti í nefndinni þar sem ekki allar voru sammála um það sem var búið að ákveða og hverju var búið að fresta. Þá vill ný nefnd að öll samskipti við Ágúst framkvæmdastjóra GM hvað varðar mót og annað sem við erum í samstarfi við með stjórn GM séu opin öllum í nefndinni.

Nú erum við reynslunni ríkari og förum inn í næsta ár meira tilbúnar og með örlítið meiri kunnáttu um hvað þetta verkefni felur í sér og það sem er efst í okkar huga er gleði, góð samvera og að spila golf með skemmtilegum konum.









Verkefnalisti næsta rekstrarárs.

Það er að mörgu að huga þegar kemur að því að bæta okkur aðstöðu, hvort sem það er í íþróttamiðstöðinni, á golfvöllunum okkar eða á æfingasvæðinu. Stjórn GM ásamt vallanefnd hafa sett upp lista af framkvæmdum sem stefnt er að því að fara í um leið og hægt er. Það hversu mikið af þessum lista hægt verður að gera á næsta rekstrarári verður að koma í ljós þar sem við munum ekki fara í framkvæmdir án þess að hafa efni á þeim.

Listi framkvæmda er eftirfarandi:

Bakkakot – Ný flöt á 2. Braut

Ný boltavél á æfingasvæði með sjálfvirkum hreinsibúnaði og byggja upp fallett svæði kringum boltavélina svo sómi sé af.

Klósett á Hlíðavöll, þar sem núverandi 8. teigur er.

Fjölga mottum á æfingasvæði.

Nýr hvítur teigur á 13. braut

Nýr rauður teigur á 11. braut

Fylla upp í lagfæra svæðið á milli 16. og 17. brauta, ásamt því að gróðusetja tré á því svæðinu.

Tilfærsla á teigum á 8. braut sem til kemur vegna tilfærsla 4. flatar.

Nýr rauður teigur á 17. braut.

Ný teigskilti á Hlíðavöll.


Þetta er stærstu verkefnin, þetta er þó ekki tæmandi listi þar sem það eru talsvert af öðrum verkefnum sem falla undir reglubundið vilhald og lagfæringar sem ekki er talið upp hér eins og t.e. lagfæringar á glompum og göngustígum.

Viðhorfskönnun GM félaga.

Í byrjun nóvember sendum við út viðhorfskönnun til GM félaga. Það er mikilvægt í okkar huga að okkar félagsmenn hafi sinn vettvang til þess að segja sína skoðun og benda okkur á það sem gera má betur og einnig það sem vel er gert. Við fengum fína svörun í þessari könnun og hér má sjá helstu niðurstöður. Það var gaman að sjá að þið vorum heilt yfir ánægð með starf GM í sumar og gæði golfvallanna.


Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum á HLÍÐAVELLI einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 367 Skipped: 7




Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum um ÆFINGASVÆÐI Hlíðavallar einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 367 Skipped: 7




Hversu mikilvægt finnst þér að æfingaboltar séu innifaldir í árgjaldinu?

Answered: 364 Skipped: 2




Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í ÞJÓNUSTU STARFSMANNA GM í afgreiðslu í KLETTI, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 374 Skipped: 0




Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í starfsemi BLIK Bistro. 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn

Answered: 373 Skipped: 1




Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum í BAKKAKOTI einkunn, þar sem 1 er lágsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 372 Skipped: 2




Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í starfsemi VEITINGASÖLU OG AFGREIÐSLU Í BAKKAKOTI. 1 er lágsta einkunn og 5 er hæsta einkunn

Answered: 371 Skipped: 3



Vinsamlegast gefðu eftirfarandi atriðum varðandi mótahald GM einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 372 Skipped: 2



Einnig fengum við mikið af góðum athugasemdum sem við gerum okkar besta til þess að koma til móts við. Það sem helst kom fram var skortur á eftirliti á báðum völlum, betri umgengni um æfingasvæðið ásamt því að breikka mætti nokkrar brautir Hlíðavallar.

Þetta ásamt ýmsu öðru eru hlutir sem við meðtekið og munum bæta. Við munum stórauka eftirlit á okkar völlum næsta sumar og munum við auglýsa þau störf fljótlega á nýju ári. Er það okkar von að fá “heldri” félaga í GM til starfa hjá okkur og vonumst við eftir góðum viðtökum þegar við auglýsum eftir starfsfólki í eftirlitsstörf. Við munum breikka slátt á mörgum brautum Hlíðavallar þegar við opnum næsta sumar auk þess sem við munum einnig slá brautirnar nær teigunum.

Eins og kom fram hér fyrr að þá munum við fjárfesta í nýrri boltavél fyrir æfingasvæðið og byggja upp þá aðstöðu sem mun án nokkurs vafi bæta umgengni um svæðið sem og gæði þess til muna.

Einnig er farin af stað vinna vegna uppbyggingu og lagfæringar á Bakkakotsvelli. Er það vilji stjórnar að auka verulega við gæði vallarins í Bakkakoti. Sú vinna verður kynnt nánar í upphafi næsti árs.

Lokaorð.

Viðburðarríku ári í sögu okkar golfklúbbs er nú að lokum komið. Það er óhætt að segja að starfið í ár hafi einkennst af mörgum jákvæðum þáttum.

Hlíðavöllur skartaði sínu fegursta í sumar og var virkilega ánægjulegt að heyra fjölmarga félagsmenn tala um í hversu góðu standi hann var. Það var einnig mikil jákvæðni með Bakkakot og þá sérstaklega seinni hluta sumars og er það frábært. Við munum halda áfram að leggja mikinn metnað í alla umgjörð í krinum vellina sem og annað starf og er það okkar markmið að GM sé og verði ávallt í fremstu röð golfklúbba á Íslandi.

Við höldum frábært Íslandsmót sem verður lengi í minnum haft og getum við verið stolt af okkar starfi þar, sem og þeim glæsilega golfvelli sem við buðum keppendum upp á.

Fjölgun félagsmanna er mikið ánægjuefni og höfum við aldrei verið jafn mörg í GM og nú. Líkt og komið var inn á hér að ofan, þá er það okkur mikilvægt að passa upp á að fjöldi félagsmanna verði í góðu jafnvægi á móti framboði rástíma. Það er virkilega ánægjulegt að sjá hversu mikil aukning er hjá okkur af krökkum og fögnum við því. Við fórum af stað í vor með nýtt fjölskyldugjald og við það komu rúmlega 80 nýjir krakkar í klúbbinn. Það var gaman að sjá að margir af þessum krökkum fóru að venja komur sínar með mömmu og pabba á völlinn og saum við þegar líða tók á sumarið aukningu barna sem fóru að æfa hjá okkur undir handleiðslu golfkennara. Vonum við svo sannarlega að þessi þróun haldi svona áfram.

Rekstrarniðurstaða ársins var góð og talsvert umfram áætlanir. Það var góð aukning í félagsgjöldum en á móti kemur að tekjur af vallargjöldum dattu talsvert niður sem og að leigutekjur af Blik voru talsvert lægri en áætlað var. Þessi blessaða veira sem hefur verið að herja á okkur á þessu ári hefur því haft talsverð áhrif á reksturinn.

Það sem verður hins vegað að teljast mjög jákvætt er að okkur hefur tekist að snúa rekstri GM við og hefur rekstrarniðurstaða klúbbsins batnað um 95 milljónir á milli ára. Nú er það okkar markmið að halda þessu áfram og tryggja að reksturinn haldist áfram á þessum nótum. Það mun gera okkur kleift að bjóða upp á gott og öflugt starf auk þess sem við getum sinnt nauðsynlegu viðhaldi og þeirri endurnýjun sem þörf er á.

Stjórn GM vill sérstaklega þakka öllum þeim sjálfbóðaliðum sem koma að okkar starfi. Það var ótrúlegt að sjá einhuginn og hvað allir voru tilbúnir til þess að leggja sitt af mörkum í starfi klúbbsins og það er það sem gerir okkur að þeim klúbb sem við erum í dag. Einnig viljum við þakka þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrkja okkar góða starf kærlega fyrir samstarfið.

Að lokum viljum við svo þakka okkar starfsfólki fyrir gott samstarfs á liðnu ári.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Mosfellbæjar.

Kári Tryggvason, formaður.



Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Æðarhöfða 36 - 270 Mosfellsbær
566 6999
golfmos@golfmos.is
golfmos.is